

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. og II. kafla I. viðauka og XII. kafla II. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. og II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2007, frá 26. október 2007, öðlast eftirfarandi ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 144/2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 342/2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 801/2011 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1112/2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar færsluna fyrir Paragvæ í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknu nýju kjöti til Evrópusambandsins.
6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 497/2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar kröfur vegna innflutnings á dýrum sem eru smitnæm fyrir blátungu.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 546/2012 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 644/2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir, að því er varðar Rússland.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1036/2012 um breytingu á II. viðauka við ákvörðun 2007/777/EB og II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar færslurnar fyrir Króatíu í skránum yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á nýju kjöti og tilteknum kjötafurðum til Sambandsins.

10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1160/2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamda nautgripi til umflutnings gegnum yfirráðasvæði Litháens frá Kaliningrad-svæðinu til annarra svæða í Rússlandi.
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 71/2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar færsluna fyrir Úrúgvæ í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á nýju kjöti til Sambandsins, og um leiðréttingu á þeirri reglugerð að því er varðar fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði fyrir sauðfé og geitur til undaneldis eða framleiðslu eftir innflutning.
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 102/2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar færsluna fyrir Bandaríkin í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á hóf- og klaufdýrum á fæti til Sambandsins, fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði „POR-X“ og aðferðarlýsingar fyrir prófanir fyrir munnblöðrubólgu.
13. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 191/2013 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 119/2009 og (ESB) nr. 206/2010 og ákvörðun 2000/572/EB að því er varðar vottorð vegna velferðar dýra í fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir.
14. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 196/2013 um breytingu á II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar nýju færsluna fyrir Japan í skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknu nýju kjöti til Evrópusambandsins.
15. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 482/2013 frá 24. maí 2013 um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir.

2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010, eins og henni er breytt með reglugerðum sem nefndar eru í töluliðum 2 til 10 í 1. gr., er birt sem fylgiskjal við reglugerð þessa. Jafnframt eru í fylgiskjali birtar framkvæmdarreglugerðir framkvæmdastjórnarinnar sem nefndar eru í töluliðum 11 til 15 í sömu grein.

3. gr.

Reglugerð þessi gildir með þeim takmörkunum sem leiða af lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

4. gr.

Matvælastofnun fer með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við lög nr. 93/1995 um matvæli, lög nr. 55/1998 um sjávarafurðir, lög nr. 71/2008 um fiskeldi, lög nr. 54/1990 um innflutning dýra, lög nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim og lög nr. 60/2006 um varnir gegn fisksjúkdómum, nema annað sé ákveðið samkvæmt lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum.

5. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum eða fangelsi. Um þvingunarúrræði og viðurlög vísast til laga nr. 93/1995 um matvæli, laga nr. 54/1990 innflutning dýra og laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

6. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 54/1990 um innflutning dýra og lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim.

7. gr.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 9. september 2014.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fylgiskjal 1.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 206/2010**

frá 12. mars 2010

um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 92/65/EBE frá 13. júlí 1992 um dýraheilbrigðiskröfur varðandi viðskipti innan Bandalagsins og innflutning til Bandalagsins á dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvisum sem dýraheilbrigðiskröfur í sérreglum Bandalagsins er um getur í I. hluta viðauka A við tilskipun 90/425/EBE gilda ekki um ⁽¹⁾, einkum 17. gr. (b-liður 2. mgr., a-liður 3. mgr. og fyrsta undirgrein c-liðar 3. mgr.), 18. gr. (fjórði undirliður 1. mgr.) og 19. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis ⁽²⁾, einkum 8. gr., 9. gr. (b-liður 2. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.),

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2004/68/EB frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinnna hóf- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE ⁽³⁾, einkum 3. gr. (fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr.), 6. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.), 7. gr. (e-liður), 8. gr., 10. gr. (fyrsta undirgrein) og 13. gr. (1. mgr.),

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ⁽⁴⁾, einkum 12. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ⁽⁵⁾, einkum 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers efirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis ⁽⁶⁾, einkum 1. mgr. 11. gr. og 16. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert efirlit til að staðfesta að lög um föður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ⁽⁷⁾, einkum 1. mgr. 48. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun ráðsins 72/462/EBE frá 12. desember 1972 um heilbrigðisvandamál og vanda við heilbrigðisvottorð dýra og dýraafurða við innflutning á nautgripum og svínunum og nýju kjöti frá þriðju löndum ⁽⁸⁾ var kveðið á um að taka skyldi saman skrá yfir löndin eða hluta þeirra þaðan sem aðildarríkin skulu leyfa innflutning á tilteknum dýrum á fæti og nýju kjöti af tilteknum dýrum.

2) Því var ákvörðun ráðsins 79/542/EBE frá 21. desember 1976 um skrá yfir þriðju lönd eða hluta þriðju landa og um dýraheilbrigðisskilyrði og almannaheilbrigði og útgáfu dýraheilbrigðisvottorða, með tilliti til innflutnings á tilteknum, lifandi dýrum og nýju kjöti af þeim til Bandalagsins ⁽⁹⁾ samþykkt. Með þeirri ákvörðun voru sett heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings til Evrópusambandsins á lifandi dýrum, öðrum en dýrum af hestætt, og um innflutning á nýju kjöti slíkra dýra, þ.m.t. dýra af hestætt, öðru en unninni kjötvöru. Í I. og II. viðauka við þá ákvörðun eru einnig settar fram skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra, þaðan sem flytja má inn til Sambandsins tiltekin lifandi dýr og nýtt kjöt af þeim, sem og fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir.

3) Frá því að sú ákvörðun var samþykkt hefur verið mælt fyrir um allnokkrar nýjar kröfur varðandi heilbrigði dýra og manna í öðrum gerðum Sambandsins sem mynda nýjan regluramma á þessu sviði. Einnig hefur tilskipun 72/462/EBE verið felld úr gildi og í stað hennar kom tilskipun 2004/68/EB.

4) Í 20. gr. tilskipunar 2004/68/EB stendur að framkvæmdarreglur um innflutning sem settar eru í samræmi við ákvarðanir sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 72/462/EBE, m.a. ákvörðun 79/542/EBE, skuli gilda áfram þar til ráðstafanir, sem samþykktar eru innan nýja reglurammans, koma í stað þeirra.

5) Í samræmi við 3. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB frá 21. apríl 2004 um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinnna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til mannelis og um breytingu á tilskipunum ráðsins 89/662/EBE og 92/118/EBE og ákvörðun ráðsins 95/408/EB ⁽¹⁰⁾ falla framkvæmdarreglurnar, sem samþykktar voru á grundvelli tilskipunar 72/462/EBE, úr gildi þegar nauðsynleg ákvæði á grundvelli reglugerða (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004, (EB) nr. 854/2004 eða tilskipunar 2002/99/EB eru samþykkt.

6) Ákvörðun 79/542/EBE hefur verið breytt nokkrum sinnum og þegar hafa verið innleidd ákvæði um innflutning á grundvelli nýja reglurammans með ákvörðun 79/542/EBE. Í þágu skýrleika og gagnsæis skal mæla fyrir um ráðstafanirnar, sem mælt er fyrir um í

¹ Stjtið. EB L 268, 14.9.1992, bls. 54.

² Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

³ Stjtið. EB L 139, 30.4.2004, bls. 321.

⁴ Stjtið. EB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

⁵ Stjtið. EB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

⁶ Stjtið. EB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

⁷ Stjtið. EB L 165, 30.4.2004, bls. 1.

⁸ Stjtið. EBE L 302, 31.12.1972, bls. 28.

⁹ Stjtið. EBE L 146, 14.6.1979, bls. 15.

¹⁰ Stjtið. EB L 157, 30.4.2004, bls. 33.

ákvörðun 79/542/EBE, í nýjum lagagerningi. Öll ákvæði ákvörðunar 79/542/EBE koma fyrir í þessari reglugerð. Af þessum sökum fellur ákvörðun 79/542/EBE í raun úr gildi með gildistöku þessarar reglugerðar og gildir því ekki lengur, á meðan beðið er beinnar niðurfellingar á henni.

7) Í tilskipun 92/65/EBE er mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur sem gilda um viðskipti innan Sambandsins og innflutning til Sambandsins á lifandi dýrum, sæði, eggfrumum og fósturvísam sem dýraheilbrigðiskröfur í sértækum gerðum Sambandsins, er um getur í viðauka F við þá tilskipun, gilda ekki um. Samkvæmt þeirri tilskipun má einungis flytja viðkomandi lifandi dýr, sæði, eggfrumur og fósturvísu inn til Sambandsins frá þriðja landi sem er á skrá sem er tekin saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í þeirri tilskipun. Því til viðbótar skal slíkom lifandi dýrum fylgja heilbrigðisvottorð sem samsvarar fyrirmynd sem sett er upp í samræmi við málsmeðferðina sem þar um getur.

8) Í tilskipun ráðsins 96/93/EB frá 17. desember 1996 um vottun dýra og dýraafurða⁽¹⁾ er mælt er fyrir um reglur sem fara verður eftir við útgáfu vottorða sem gerð er krafa um í heilbrigðislöggjöf um dýr og dýraafurðir til að koma í veg fyrir villandi eða svíksamlega vottun. Rétt er að tryggja að opinberir skoðunarmenn eða dýralæknar þriðju landa beiti reglum og meginreglum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þeirri tilskipun. Tiltekin þriðju lönd, sem eru skráð í II. viðauka við þessa reglugerð, hafa lagt fram viðunandi ábyrgðir um tilvist og framkvæmd slíkra reglna og meginreglna. Því er rétt að leyfa aðflutning tiltekinna lifandi dýra til Sambandsins frá þessum þriðju löndum, að því tilskildu að engra frekari takmarkana sé þörf vegna sérstakrar sjúkdómastöðu þeirra.

9) Í tilskipun 2002/99/EB er mælt fyrir um dýraheilbrigðisreglur um aðflutning á afurðum úr dýraríkinu og afurðum úr þeim sem eru ætlaðar til manneldis. Samkvæmt þeirri tilskipun skal taka saman skrár yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem innflutningur á tilgreindum afurðum úr dýraríkinu er leyfður og sá innflutningur skal uppfylla tilteknar kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir.

10) Í tilskipun 2004/68/EB er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra við innflutning tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti til Sambandsins og umflutning gegnum það. Innflutningur þessara lifandi hóf- og klaufdýra til Sambandsins og umflutningur gegnum það er einungis leyfður frá þriðju löndum og yfirráðasvæðum sem eru á skrá eða skráum sem eru teknar saman í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í þeirri tilskipun og sá innflutningur skal uppfylla tilteknar kröfur um heilbrigðisvottanir fyrir dýr og dýraafurðir.

11) Með fyrirvara um síðustu undirgreinar 2. mgr. 17. gr. í tilskipun 92/65/EBE má einungis flytja lifandi dýr, og afurðir úr dýraríkinu sem tilskipanir 92/65/EBE, 2002/99/EB og 2004/68/EB gilda um, inn til Sambandsins eða í umflutningi gegnum það ef þeim fylgir heilbrigðisvottorð fyrir dýr eða dýraafurðir og þau uppfylla viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.

12) Til samræmis við það og til framkvæmdar tilskipunum 92/65/EBE, 2002/99/EB og 2004/68/EB þykir rétt að mæla fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði og hluta þeirra í þessari reglugerð og um sértæk innflutningsskilyrði, þ.m.t. fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir tiltekin lifandi dýr og nýtt kjöt af tilteknum dýrum.

13) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins skal í þessari reglugerð einnig taka tillit til krafna um heilbrigði manna sem mælt er fyrir um í öðrum gerðum Sambandsins, einkum reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 þar sem mælt er fyrir um reglur um hollustuhætti sem varða matvæli og matvæli úr dýraríkinu og reglur um skipulagningu opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem ætlaðar eru til manneldis, sem og til krafna í tilskipun ráðsins 96/23/EB frá 29. apríl 1996 um ráðstafanir til eftirlits með tilteknum efnum og leifum þeirra í lifandi dýrum og dýraafurðum⁽²⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrórnunar⁽³⁾.

14) Í reglugerð (EB) nr. 882/2004 er mælt fyrir um almennar reglur um framkvæmd opinbers eftirlits á sviði matvæla og föðurs, heilbrigðis dýra og velferðar dýra. Ákvæði 48. gr. hennar veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja skrá yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má tilteknar afurðir til Sambandsins. Í reglugerð (EB) nr. 854/2004 er kveðið á um sértækar reglur um skipulagningu á opinberu eftirliti með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. samantekt skráa yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á afurðum úr dýraríkinu er leyfður. Í þeim reglum er kveðið á um að heimilt sé að sameina þær skrár öðrum skráum sem eru teknar saman með tilliti til heilbrigðis manna og dýra.

15) Fyrirmyndirnar að vottorðunum sem settar eru fram í viðaukunum við þessa reglugerð skulu því innihalda vottanir til staðfestingar á því að kröfur sem varða lýðheilsu, sem mælt er fyrir um í tilskipun 96/23/EB og reglugerðum (EB) nr. 999/2001, 852/2004, 853/2004 og 854/2004 séu uppfylltar.

16) Fyrirmyndirnar að vottorðunum sem settar eru fram í viðaukunum við þessa reglugerð skulu einnig innihalda vottanir til staðfestingar því að kröfur sem varða velferð dýra, sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 93/119/EB frá 22. desember 1993 um vernd dýra við slátrun eða dráp⁽⁴⁾ og reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir⁽⁵⁾, séu uppfylltar.

17) Til að sjá til þess að heilbrigði lifandi dýra sem flutt eru til Sambandsins sé ekki stefnt í hættu á meðan á flutningi frá þriðja landi, sem er upprunaland þeirra, til Sambandsins stendur skal mæla fyrir um tilteknar kröfur sem varða flutning lifandi dýra, þ.m.t. kröfur sem varða söfnunarstöðvar.

18) Til að tryggja vernd heilbrigðis dýra í Sambandinu skal flytja lifandi dýr beint á ákvörðunarstað þeirra innan Sambandsins.

19) Nýtt kjöt sem flutt er til Sambandsins til umflutnings til annars þriðja lands skapar óverulega áhættu fyrir lýðheilsu. Slíkt kjöt skal hins vegar uppfylla allar viðeigandi kröfur um heilbrigði dýra. Til samræmis við það skal mæla fyrir um sértæk ákvæði um umflutning á nýju kjöti og geymslu þess fyrir umflutning.

¹ Stjtið. EB L 13, 16.1.1997, bls. 28.

² Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10.

³ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

⁴ Stjtið. EB L 340, 31.12.1993, bls. 21.

⁵ Stjtið. EB L 3, 5.1.2005, bls. 1.

20) Kveða skal á um sérstök skilyrði vegna umflutnings gegnum Sambandið til og frá Rússlandi vegna landfræðilegrar staðsetningar Kaliningrad sem hefur einungis áhrif á Lettland, Litháen og Pólland.

21) Leyfa skal sendingar af nýju kjöti, að undanteknum sláturmat og hökkuðu kjöti, af öldum dýrum sem ekki eru húsdýr, af ættbálknum Artiodactyla, af dýrum sem veidd voru úti í náttúrunni, til aðflutnings til Sambandsins. Til að útiloka alla möguleika á hugsanlegum áhættum fyrir heilbrigði dýra sem stafað geta af slíkum aðflutningi er rétt að þessi dýr séu aðskilin frá villtum dýrum í þrjá mánuði fyrir aðflutning slíkra sendinga til Sambandsins. Til samræmis við það skal taka tillit til þess í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorðinu fyrir dýr og dýraafurðir (RUF) sem á við þessar sendingar.

22) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/881/EB frá 11. desember 2003 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og um útgáfu vottorða vegna innflutnings á býflugum (*Apis mellifera* og *Bombus* spp.) frá tilteknum þriðju löndum ⁽¹⁾ er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og vottunarskilyrði vegna innflutnings á býflugum frá tilteknum þriðju löndum. Til einföldunar á löggjöf Sambandsins skal taka ráðstafanirnar sem mælt er fyrir um í þeirri ákvörðun inn í þessa reglugerð. Því ber að fella ákvörðun 2003/881/EB úr gildi.

23) Rétt er að kveða á um umbreytingartímabil til að gera aðildarríkjunum og iðnaðinum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

24) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings á vörusendingum af eftirfarandi lifandi dýrum eða nýju kjöti til Sambandsins:

- a) hóf- og klaufdýrum,
 - b) dýrunum sem tilgreind eru í 2. hluta IV. viðauka,
 - c) nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum og dýrum af hestaætt, sem er ætlað til manneldis, að undanteknum unnum kjötvörum.
2. Í þessari reglugerð er einnig mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem aðflutningur vörusendinganna, sem um getur í 1. mgr., til Sambandsins er leyfilegur.
3. Þessi reglugerð gildir ekki um aðflutning dýra, sem ekki eru húsdýr, til Sambandsins:
- a) fyrir sýningar eða vörusýningar þegar slík lifandi dýr eru ekki venjulega haldin eða alin,
 - b) með fjölleikaflokkum,
 - c) sem eiga að fara til samþykks aðila, stofnunar eða miðstöðvar eins og skilgreint er í c-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 92/65/EBE.
4. Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um hvers kyns sértækar vottunarkröfur sem mælt er fyrir um í öðrum gerðum Sambandsins eða samningum sem Sambandið hefur gert við þriðju lönd.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „hóf- og klaufdýr“: eins og þau eru skilgreind í d-lið 2. gr. tilskipunar 2004/68/EB,
- b) „nýtt kjöt“: eins og það er skilgreint í lið 1.10 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,
- c) „dýr af hestaætt“: eins og þau eru skilgreind í b-lið 2. gr. tilskipunar ráðsins 90/426/EBE ⁽²⁾,
- d) „bújörð“: býli eða annað opinberlega vaktað landbúnaðar-, iðnaðar- eða verslunarfyriertæki, þ.m.t. dýragarðar, skemmtigarðar og friðlönd fyrir villt dýr eða veiðilendur, þar sem dýr eru að staðaldri haldin eða alin.

II. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR AÐFLUTNINGI LIFANDI DÝRA TIL SAMBANDSINS

3. gr.

Almenn skilyrði fyrir aðflutningi hóf- og klaufdýra til Sambandsins

Sendingar af hóf- og klaufdýrum skulu einungis fluttar til Sambandsins ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

¹ Stjtið. EB L 328, 17.12.2003, bls. 26.

² Stjtið. EBE L 224, 18.8.1990, bls. 42.

- a) þær koma frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum þeirra eða hlutum þeirra sem skráð eru í 1., 2. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka, sem til er fyrir fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr sem samsvarar hlutaðeigandi sendingu sem skráð er í 4. dálk töflunnar í 1. hluta I. viðauka.
- b) þeim fylgir viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr sem byggist á viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í 2. hluta I. viðauka, með tilliti til sértækra skilyrða sem tilgreind eru í 6. dálki töflunnar í 1. hluta þess viðauka, og útfyllt og undirritað af opinberum dýralækni þriðja landsins sem er útflutningsland,
- c) þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í heilbrigðisvottorðinu fyrir dýr sem um getur í b-lið, þ.m.t.:
- i. viðbótarábyrgðir sem mælt er fyrir um í því vottorði þegar það er tilgreint í 5. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka,
 - ii. allar viðbótarkröfur um heilbrigðisvottorð fyrir dýr sem viðtökuaðildarríkið getur lagt á í samræmi við heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir og sem koma fram í vottorðinu.

4. gr.

Skilyrði er varða söfnunarstöðvar fyrir tiltekna sendingar af hóf- og klaufdýrum

Aðflutningur sendinga af hóf- og klaufdýrum, sem innihalda lifandi dýr frá fleiri en einni bújörð, til Sambandsins skal einungis fara fram ef þeim er safnað saman í söfnunarstöðvum sem lögbært yfirvald hlutaðeigandi þriðja landsins, sem er upprunaland þeirra, hefur viðurkennt í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 5. hluta I. viðauka.

5. gr.

Aðferðarlýsingar vegna stöðlunar efna og sýnatöku- og prófunaraðferða fyrir hóf- og klaufdýr

Þegar krafist er sýnatöku og prófunar í heilbrigðisvottorðunum fyrir dýr og dýraafurðir, sem skráð eru í 4. dálki töflunnar í 1. hluta I. viðauka, fyrir sjúkdómunum sem skráðir eru í 6. hluta þess viðauka, vegna aðflutnings til Sambandsins á sendingum af hóf- og klaufdýrum, skal slík sýnataka og prófun fara fram undir eftirliti lögbærs yfirvalds þriðja landsins, sem er upprunaland þeirra, í samræmi við aðferðarlýsingarnar vegna stöðlunar efna og prófunaraðferða sem settar eru fram í 6. hluta þess viðauka.

6. gr.

Sértæk skilyrði fyrir tiltekna sendingar af hóf- og klaufdýrum sem fluttar eru inn til Sankti Pierre og Miquelon og aðfluttar til Sambandsins

Sendingar af hóf- og klaufdýrum af tegundunum, sem skráðar eru í töflunni í 7. hluta I. viðauka, sem voru fluttar til Sankti Pierre og Miquelon innan við sex mánuðum fyrir sendingu frá Sankti Pierre og Miquelon til Sambandsins skulu einungis aðfluttar til Sambandsins ef:

- a) þær uppfylla kröfurnar varðandi dvöl og einangrun sem settar eru fram í 1. kafla þess hluta,
- b) þær hafa verið prófaðar í samræmi við prófunarkröfurnar sem varða heilbrigði dýra sem settar eru fram í 2. kafla þess hluta.

7. gr.

Almenn skilyrði fyrir aðflutningi á tilteknum tegundum býflugna til Sambandsins

1. Sendingar af býflugum af tegundunum sem skráðar eru í töflu 1 í 2. hluta IV. viðauka skulu einungis fluttar til Sambandsins frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum:

- a) sem skráð eru í 1. hluta II. viðauka,
- b) þar sem skylda er að tilkynna um tilvist býflugnapestar, litlu býkúpubjöllu (*Aethina tumida*) og snikjumitla (*Tropilaelaps* spp.) á öllu yfirráðasvæði hlutaðeigandi þriðja lands eða á hlutaðeigandi yfirráðasvæði.

2. Þrátt fyrir a-lið 1. mgr. má flytja sendingar af býflugum til Sambandsins frá hluta þriðja lands eða yfirráðasvæðis, sem er skráð í 1. hluta II. viðauka, sem er:

- a) land- og faraldsfræðilega einangraðar hluti þriðja landsins eða yfirráðasvæðisins
- b) skráð í þriðja dálk töflunnar í 1. þætti 1. hluta IV. viðauka.

Þegar þeirri undanþágu er beitt skal aðflutningur sendinga af býflugum til Sambandsins bannaður frá öllum öðrum hlutum hlutaðeigandi þriðja lands eða yfirráðasvæðis sem ekki eru skráðir í þriðja dálk töflunnar í 1. þætti 1. hluta IV. viðauka.

3. Sendingar af býflugum af tegundunum sem skráðar eru í töflu 1 í 2. hluta IV. viðauka skulu samanstanda annaðhvort af:

- a) búrum með býflugnadrottningum (*Apis mellifera* og *Bombus* spp.), sem hvert inniheldur eina býflugnadrottningu og að hámarki 20 þernur eða
- b) ílátum með hunangsflugum (*Bombus* spp.) sem hvert inniheldur sambú með að hámarki 200 fullvaxta hunangsflugum.

4. Varðandi sendingar af býflugum af tegundunum sem skráðar eru í töflu 1. í 2. hluta IV. viðauka:

- a) skal þeim fylgja viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr sem byggist á viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði, sem sett er fram í 2. hluta IV. viðauka, og er útfyllt og undirritað af opinberum skoðunarmanni þriðja landsins sem er útflutningsland þeirra,
- b) skulu þær uppfylla kröfurnar um heilbrigði dýra sem settar eru fram í heilbrigðisvottorðinu fyrir dýr sem um getur í a-lið.

8. gr.

Almenn skilyrði sem varða flutning á lifandi dýrum til Sambandsins

Á tímabilinu frá fermingu í þriðja landinu, sem er upprunaland þeirra, og fram að komu á skoðunarstöð á landamærum, þar sem sending er flutt inn í Sambandið, skulu sendingar af lifandi dýrum ekki:

a) fluttar með lifandi dýrum sem:

- i. ekki eru ætluð til aðflutnings til Sambandsins eða
- ii. hafa lakara heilbrigðisástand,

b) affermdar í, eða þegar þær eru fluttar flugleiðis, færðar í annað loftfar, eða fluttar á vegum, á járnbrautum eða á fæti í gegnum þriðja land, yfirráðasvæði eða hluta þeirra sem ekki eru skráð í 1., 2. eða 3. dálki töflunnar sem sett er fram í 1. hluta I. viðauka eða ef ekki er til fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir, sem samsvarar viðkomandi sendingu, sem skráð er í 4. dalk töflunnar í 1. hluta I. viðauka.

9. gr.

Tímamörk fyrir flutningstíma lifandi dýra til Sambandsins

Aðflutningur sendinga af lifandi dýrum til Sambandsins skal einungis eiga sér stað ef sendingin kemur á skoðunarstöð á landamærum þar sem hún er flutt inn í Sambandið innan 10 daga frá útgáfudegi viðeigandi heilbrigðisvottorðs fyrir dýrin.

Ef um er að ræða sjóflutninga skal framlengja þetta 10 daga tímabil um viðbótartíma, sem samsvarar lengd sjóferðarinnar, samkvæmt vottun með undirritaðri yfirlýsingu skipstjóra skipsins sem er sett upp í samræmi við 3. hluta I. viðauka og frumrit hennar fest við heilbrigðisvottorðið fyrir dýrin.

10. gr.

Sérstök skilyrði varðandi úðun sendinga af lifandi dýrum sem eru flutt flugleiðis til Sambandsins

Þegar sendingar af lifandi dýrum, aðrar en sendingar af býflugum, eru fluttar flugleiðis skal kassinn eða gámurinn sem þau eru flutt í og svæðið umhverfis hann úðað með viðeigandi skordýraeitri.

Sú úðun skal fara fram rétt áður en dýrum loftfarsins er lokað eftir fermingu og eftir hverja opnun dyranna í þriðja landi, þar til loftfarið kemur á lokaákvörðunarstað.

Flugstjóri loftfarsins skal votta að úðunin hafi átt sér stað með því að undirrita yfirlýsingu, sem er sett upp í samræmi við 4. hluta I. viðauka og frumrit hennar fest við heilbrigðisvottorðið fyrir dýrin.

11. gr.

Skilyrði sem skal beita eftir aðflutning tiltekinna sendinga af hóf- og klaufdýrum til Sambandsins

1. Í kjölfar aðflutnings þeirra til Sambandsins skal án tafar flytja sendingar af hóf- og klaufdýrum, sem ætluð eru til undaneldis og framleiðslu eða eiga að fara í dýragarða, skemmtigarða og friðlönd fyrir villt dýr eða veiðilendur, til bújarðarinnar sem er ákvörðunarstaður þeirra.

Hóf- og klaufdýrin skulu vera á þeirri bújörð í a.m.k. 30 daga nema þau séu send beint til sláturhúss.

2. Í kjölfar aðflutnings þeirra til Sambandsins skal án tafar flytja sendingar af hóf- og klaufdýrum, sem á að slátra strax, beint til viðtökusláturhússins þar sem þeim skal slátrað innan fimm virkra daga frá komudegi þeirra til sláturhússins.

12. gr.

Sértækt skilyrði varðandi umflutning tiltekinna sendinga af hóf- og klaufdýrum gegnum þriðju lönd

Þegar sértækt skilyrði I í 1. hluta I. viðauka gildir skulu eftirfarandi skilyrði gilda til að leyfa megi umflutning á sendingum af hóf- og klaufdýrunum, sem um getur í því skilyrði og upprunnin eru í einu aðildarríki og eiga að fara til annars aðildarríkis, í gegnum þriðja land, yfirráðasvæði eða hluta þess sem er skráð í töflunni í 1. hluta I. viðauka en ekki er til fyrir þau samsvarandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir að því er varðar sendingar af viðkomandi hóf- og klaufdýrum sem tilgreind eru í 4. dalk þeirrar töflu:

a) fyrir nautgripi til eldis:

- i. lögbært yfirvald á lokaákvörðunarstað skal tilgreina bújarðirnar á lokaákvörðunarstaðnum fyrirfram,
- ii. ekki má flytja þau lifandi dýr, sem eru í sendingunni, frá bújörðinni sem er lokaákvörðunarstaður þeirra nema til tafarlausrar slátrunar,
- iii. allir flutningar lifandi dýra inn á og út af bújörðinni sem er lokaákvörðunarstaður þeirra skal fara fram undir eftirliti lögbærs yfirvalds á meðan dýrin í sendingunni eru á bújörðinni.

b) ákvæði 2. mgr. 11. gr. gilda um hóf- og klaufdýr ætluð til tafarlausrar slátrunar.

12. gr. a

Undanþága vegna umflutnings á tilteknum sendingum af lifandi nautgripum, ætluðum til undaneldis og framleiðslu, í gegnum Litháen

1. Umflutningur sendinga af lifandi nautgripum, ætluðum til undaneldis og framleiðslu, á vegum gegnum Litháen frá rússneska landsvæðinu Kaliningrad til áfangastaðar utan Sambandsins skal leyfður að eftirfarandi skilyrðum uppfylltum:

- a) að dýrin komi til Litháen á skoðunarstöðinni á landamærunum við Kybartai-veg og fari frá Litháen á skoðunarstöðinni á landamærunum við Medininkai,
- b) að dýrin séu flutt í gámum á ökutækjum sem fulltrúi heilbrigðisþjónustu lögbærs yfirvalds í Litháen fyrir dýr og dýraafurðir innsiglar með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærunum við Kybartai-veg þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið,
- c) að opinber dýralæknir lögbæra yfirvaldsins, sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum við Kybartai-veg, stimpli skjölin, sem um getur í þriðja undirlíð 1. mgr. 7. gr. tilskipunar ráðsins 91/496/EBE, þ.m.t. rétt útfyllt heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir í samræmi við fyrirmyndina að heilbrigðisvottorðinu „BOV-X-TRANSIT-RU“ sem sett er fram í 2. hluta I. viðauka við þessa reglugerð, sem fylgja dýrunum frá skoðunarstöðinni á landamærunum við Kybartai-veg að skoðunarstöðinni á landamærunum við Medininkai, með orðunum „EINUNGIS TIL UMFLUTNINGS FRÁ RÚSSNESKA SVÆÐINU KALININGRAD GEGNUM LITHÁEN“ á hverja blaðsíðu,
- d) að kröfumar, sem kveðið er á um í 9. gr. tilskipunar ráðsins 91/496/EBE, séu uppfylltar,
- e) að sendingin hafi, á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem um getur í 1. mgr. 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 282/2004⁽¹⁾, fengið vottun um að hana megi flytja gegnum Litháen og skal hún vera undirrituð af opinbera dýralækninum á skoðunarstöðinni á landamærunum við Kybartai-veg,
- f) að dýrunum fylgi heilbrigðisvottorð sem leyfir óhindraða innkomu til Hvíta-Rússlands og heilbrigðisvottorð fyrir dýr sem er gefið út fyrir ákvörðunarstað dýranna í Rússlandi.

2. Sendingin skal ekki affermd í Sambandinu og skal flutt beint á skoðunarstöðina á landamærunum við Medininkai, þaðan sem hún fer frá Sambandinu.

Opinber dýralæknir á skoðunarstöðinni á landamærunum við Medininkai skal útfylla 3. hluta samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalsins fyrir dýr og dýraafurðir eftir að staðfest hefur verið með brottfararefirliti með sendingunni að hún sé sama sendingin og kom til Litháen á skoðunarstöðinni á landamærunum við Kybartai-veg.

3. Ef upp koma frávik eða neyðartilvik á meðan á umflutningnum stendur skal aðildarríkið, sem er umflutningsríki, beita þeim ráðstöfunum sem kveðið er á um í öðrum undirlíð b-liðar 1. mgr. 8. gr. í tilskipun 90/425/EBE⁽²⁾ eins og við á.

4. Lögbært yfirvald í Litháen skal reglulega sannprófa að fjöldi sendinga sem kemur á yfirráðasvæði Sambandsins samsvari þeim fjölda sem fer frá Sambandinu.

13. gr.

Skilyrði sem skal beita að loknum aðflutningi sendinga af býflugum, sem um getur í 7. gr., til Sambandsins

1. Sendingar af býflugnadrottningum, sem um getur í a-lið 3. mgr. 7. gr., skulu fluttar án tafar á tilgreindan lokaákvörðunarstað þar sem býkúpurnar skulu settar undir eftirlit lögbærs yfirvalds og drottningarnar fluttar í ný búr áður en þær eru settar í sambú á staðnum.

2. Búrin, þernurnar og annað efni sem fylgdi býflugnadrottningunum frá þriðja landinu, sem er upprunaland þeirra, skal sent á rannsóknarstofu sem lögbæra yfirvaldið tilnefni til að skoða það með tilliti til:

- a) tilvistar litlu býkúpubjöllu (*Aethina tumida*), eggja hennar eða lirfa,
- b) merkja um sníkjumítla (*Tropilaelaps* spp.).

Að rannsóknarstofuskoðun lokinni skal eyða búrunum, þernunum og efninu.

3. Sendingar af hunangsflugum (*Bombus* spp.), sem um getur í b-lið 3. mgr., 7. gr. skulu fluttar tafarlaust á tilnefndan ákvörðunarstað.

Þessar hunangsflugur mega vera áfram í ílátinu sem þær voru fluttar í til Sambandsins þar til sambúið líður undir lok.

Því ílát og efninu sem fylgdi hunangsflugunum frá þriðja landinu, sem er upprunaland þeirra, skal eytt í síðasta lagi eftir að sambúið líður undir lok.

III. KAFLI

SKILYRÐI FYRIR ADFLUTNINGI NÝS KJÓTS TIL SAMBANDSINS

14. gr.

Almenn skilyrði fyrir innflutningi á nýju kjöti

Sendingar af nýju kjöti sem er ætlað til mannelis skulu einungis fluttar inn til Sambandsins ef þær uppfylla eftirfarandi skilyrði:

¹ Stjtið. EB L 49, 19.2.2004, bls. 11.

² Stjtið. EBE L 224, 18.8.1990, bls. 29.

- a) þær koma frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum þeirra eða hlutum þeirra sem skráð eru í 1., 2. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta II. viðauka, sem til er fyrir fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýraafurðir sem samsvarar hlutaðeigandi sendingu sem skráð er í 4. dálk töflunnar í 1. hluta II. viðauka,
- b) þeim er framvísað á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin er flutt inn til Sambandsins og þeim fylgir viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem byggist á viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði, sem sett er fram í 2. hluta II. viðauka, með tilliti til sértækra skilyrða sem tilgreind eru í 6. dálki töflunnar í 1. hluta þess viðauka og útfyllt og undirritað af opinberum dýralækni þriðja landsins sem er útflutningsland,
- c) þær uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í heilbrigðisvottorðinu fyrir dýr sem um getur í b-lið, þ.m.t.:
- viðbótarábyrgðir, sem mælt er fyrir um í því vottorði, þegar það er tilgreint í 5. dálki töflunnar í 1. hluta II. viðauka,
 - allar viðbótaskröfur um heilbrigðisvottorð fyrir dýr sem viðtökuaðildarríkið getur lagt á í samræmi við heilbrigðislöggjöf Sambandsins um dýr og dýraafurðir og sem koma fram í vottorðinu.

15. gr.

Skilyrði sem skal beita að loknum innflutningi ófleginna skrokka af villtum klaufdýrum sem eru veiðidýr

Í samræmi við 2. mgr. 8. gr. tilskipunar ráðsins 97/78/EB ⁽¹⁾ skulu sendingar af óflegnum skrokkum af villtum klaufdýrum, sem eru veiðidýr, ætluðum til manneldis að lokinni frekari vinnslu, fluttar án tafar á vinnslustöðina sem er ákvörðunarstaður þeirra.

16. gr.

Umflutningur og geymsla á nýju kjöti

Einungis skal heimila aðflutning til Sambandsins á sendingum af nýju kjöti sem ekki er ætlunin að flytja inn til Sambandsins heldur til þriðja lands, annaðhvort strax í umflutningi eða eftir að hafa verið geymdar í Sambandinu, í samræmi við 4. mgr. 12. gr. og 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, ef sendingarnar uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- a) þær koma frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum þeirra eða hlutum þeirra sem skráð eru í 1., 2. og 3. dálk töflunnar í 1. hluta II. viðauka, sem til er fyrir fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýraafurðir sem samsvarar hlutaðeigandi sendingu sem skráð er í 4. dálk töflunnar í 1. hluta II. viðauka,
- b) þær uppfylla sértækar kröfur um heilbrigði dýra fyrir viðkomandi sendingu, sem mælt er fyrir um í viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir sem um getur í a-lið,
- c) þeim fylgir viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem byggist á viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í III. viðauka og er útfyllt og undirritað af opinberum dýralækni þriðja landsins sem er útflutningsland þeirra,
- d) þær hafa fengið vottun um að þær megi umflytja, m.a. til geymslu eins og við á, á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem um getur í 1. mgr. 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 136/2004 ⁽²⁾ og skal hún vera undirrituð af opinbera dýralæknum á skoðunarstöðinni þar sem sendingin er flutt til Sambandsins.

17. gr.

Undanþága vegna umflutnings gegnum Lettland, Litháen og Pólland

1. Þrátt fyrir ákvæði 16. gr. skal leyfa flutning sendinga, sem koma frá Rússlandi eða eru á leið þangað, gegnum Sambandið, beint eða í gegnum annað þriðja land á vegum eða með járnbrautum, milli tilnefndra skoðunarstöðva á landamærum Lettlands, Litháens og Póllands, sem tilgreindar eru í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/821/EB ⁽³⁾, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- a) fulltrúi heilbrigðisþjónustu lögbæra yfirvaldsins fyrir dýr og dýraafurðir innsiglar sendinguna með innsigli með raðnúmeri á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið,
- b) opinber dýralæknir lögbæra yfirvaldsins, sem ber ábyrgð á skoðunarstöðinni á landamærunum þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið, stimplar skjölín, sem fylgja sendingunni, sem um getur í 7. gr. tilskipunar 97/78/EB, á hverja blaðsíðu með orðunum „EINUNGIS TIL UMFLUTNINGS GEGNUM ESB TIL RÚSSLANDS“,
- c) kröfurnar um málsmeðferð, sem kveðið er á um í 11. gr. tilskipunar 97/78/EB, eru uppfylltar,
- d) sendingin er vottuð sem tæk til umflutnings á samræmda heilbrigðis- og innflutningsskjalinu fyrir dýr og dýraafurðir sem opinberi dýralækni á skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin er flutt inn í Sambandið gaf út.

2. Afferming eða geymsla slíkra sendinga, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 12. gr. eða í 13. gr. tilskipunar 97/78/EB, skal ekki leyfð á yfirráðasvæði Sambandsins.

3. Lögbært yfirvald skal annast reglulega úttekt til að tryggja að fjöldi sendinga og magn afurða sem er flutt frá yfirráðasvæði Sambandsins samsvari þeim fjölda og því magni sem kemur inn.

¹ Stjtið. EB L 24, 30.1.1998, bls. 9.

² Stjtið. EB L 21, 28.1.2004, bls. 11.

³ Stjtið. EB L 296, 12.11.2009, bls. 1.

IV. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI OG UMBREYTINGAR- OG LOKAÁKVÆÐI

18. gr.

Vottun

Heilbrigðisvottorðin fyrir dýr og dýraafurðir, sem gerðar eru kröfur um í þessari reglugerð, skulu fyllt út í samræmi við skýringarnar sem settar eru fram í V. viðauka.

Hins vegar skulu kröfurnar ekki útiloka rafræna vottun eða önnur samþykkt kerfi sem hafa verið samræmd á vettvangi Sambandsins.

19. gr.

Umbreytingarákvæði

Aðflutningur til Sambandsins á þeim sendingum af lifandi dýrum, öðrum en býflugum frá Hawaii, og nýju kjöti, sem er ætlað til manneldis, sem eru vottaðar fyrir 30. nóvember 2010 í samræmi við ákvarðanir 79/542/EBE og 2003/881/EB má halda áfram á umbreytingartímabili sem stendur til 31. maí 2011.

20. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun 2003/881/EB er felld úr gildi.

21. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

I. VIÐAUKI
HÓF- OG KLAUFDÝR

1. HLUTI

Skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra (*)

ISO-kóði og heiti þriðja lands	Kóði yfirráðasvæðis	Lýsing á þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir		Sérstök skilyrði
			Fyrirmynd(ir)	VÁ	
1	2	3	4	5	6
CA – Kanada	CA-0	Landið allt	POR-X		IVb
	CA-1	Landið allt, nema landsvæðið Okanagan Valley í Bresku-Kólumbíu sem er lýst svo: — Frá punkti á landamærum Kanada og Bandaríkjanna sem miðast við 120°15' lengdargráðu og 49° breiddargráðu — Til norðurs til 119°35' lengdargráðu og 50°30' breiddargráðu — Til norðausturs til 119° lengdargráðu og 50°45' breiddargráðu — Til suðurs að punkti á landamærum Kanada og Bandaríkjanna sem miðast við 118°15' lengdargráðu og 49° breiddargráðu	BOV-X, OVI-X, OVI-Y RUM (**)	A	IX V
CH – Sviss	CH-0	Landið allt	(***)		
CL – Síle	CL-0	Landið allt	BOV-X, OVI-X, RUM POR-X, SUI	B	
GL – Grænland	GL-0	Landið allt	OVI-X, RUM		V
HR – Króatía	HR-0	Landið allt	BOV-X, BOV-Y, RUM, OVI-X, OVI-Y		
IS – Ísland	IS-0	Landið allt	BOV-X, BOV-Y, RUM, OVI-X, OVI-Y POR-X, POR-Y	B	
ME – Svartfjallaland	ME-0	Landið allt			I
MK – Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu) (***)	MK-0	Landið allt			I
NZ – Nýja-Sjáland	NZ-0	Landið allt	BOV-X, BOV-Y, RUM, POR-X, POR-Y OVI-X, OVI-Y		III V
PM – Sankti Pierre og Miquelon	PM-0	Landið allt	BOV-X, BOV-Y, RUM, OVI-X, OVI-Y CAM		
RS – Serbía (****)	RS-0	Landið allt			I
RU – Rússland	RU-0	Landið allt			

	RU-1	Landið allt að undanskildu Kaliningrad-svæðinu			
	RU-2	Kaliningrad-svæðið	BOV-X-TRANSIT-RU		X
<p>(*) Með fyrirvara um sértækar vottunarkröfur sem kveðið er um í viðeigandi samningum milli Sambandsins og þriðju landa.</p> <p>(**) Einungis fyrir lifandi dýr önnur en hjartardýr (Cervidae).</p> <p>(***) Vottorð í samræmi við samninginn milli Evrópubandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132).</p> <p>(****) Makedónía (Fyrirverandi lýðveldi Júgóslavíu); endanleg tilgreining fyrir þetta land mun samþykkt þegar yfirstandandi samningaviðræðum á vettvangi SP er lokið.</p> <p>(*****) Að Kósóvó undanskildu samkvæmt ályktun öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 1244/99.</p>					

Sértæk skilyrði (sjá neðanmálgreinar í hverju vottorði)

„I“: Vegna flutnings gegnum yfirráðasvæði þriðja lands á lifandi dýrum til tafarlausrar slátrunar eða á lifandi nautgripum til eldis sem eru sendir frá aðildarríki og eiga að fara til annars aðildarríkis með vöruflutningabifreiðum sem hafa verið innsiglaðar með raðnúmeruðu innsigli.

Innsigli snúmerið skal fært inn í heilbrigðisvottorðið sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina sem mælt er fyrir um í viðauka F við tilskipun 64/432/EBE (23) fyrir lifandi nautgripi til slátrunar og eldis og fyrirmynd I í viðauka E við tilskipun 91/68/EBE (24) fyrir sauðfé og geitur til slátrunar.

Þar að auki skal innsiglið vera órofið við komu á tilnefnda skoðunarstöð á landamærum þar sem sendingin kemur til Sambandsins og innsigli snúmerið skal vera skráð í samþætta, tölvuvædda upplýsingakerfi Sambandsins um heilbrigði dýra og dýraafurða (Traces-kerfið).

Fulltrúi heilbrigðisyfirvalda á sviði dýra og dýraafurða á brottfararstað frá Sambandinu skal, áður en sendingin fer í umflutning gegnum eitt eða fleiri þriðju lönd, stimpla vottorðið með eftirfarandi orðum: „EINUNGIS TIL UMFLUTNINGS MILLI MISMUNANDI HLUTA EVRÓPUSAMBANDSINS GEGNUM MAKEDÓNÍU (FYRRVERANDI LÝÐVELDI JÚGÓSLAVÍU)/SVARTFJALLALAND/SERBÍU (25) (26)“.

Nautgripi til eldis skal flytja beint á bújörðina, sem er ákvörðunarstaður þeirra, sem tilgreind er af lögbæru heilbrigðisyfirvaldi á sviði dýra og dýraafurða á ákvörðunarstaðnum. Ekki má flytja þessi dýr af þeirri bújörð nema til tafarlausrar slátrunar.

„II“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við berkla að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði BOV-X.

„III“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við öldusótt að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði BOV-X.

„IVa“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við smitandi hvítblæði í nautgripum að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði BOV-X.

„IVb“: Viðurkennt er að þar séu hjarðir sem eru opinberlega lausar við smitandi hvítblæði í nautgripum sem jafngildir kröfunum sem settar eru fram í viðauka D við tilskipun 64/432/EBE að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði BOV-X.

„V“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við öldusótt að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði OVI-X.

„VI“: Landfræðilegar takmarkanir:

„VII“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við berkla að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði RUM.

„VIII“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við öldusótt að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði RUM.

„IX“: Yfirráðasvæði sem er opinberlega viðurkennt sem laust við Aujeszky-veiki að því er varðar útflutning til Sambandsins á lifandi dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að vottorði POR-X.

„X“: Einungis vegna umflutnings gegnum Litháen á nautgripum til undaneldis og/eða framleiðslu, frá Kaliningrad-svæðinu til annarra svæða í Rússlandi.

2. HLUÐI

Fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir

Fyrirmyndir

„BOV-X“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamda nautgripi (þ.m.t. Bubalus- og Bison-tegundir og kynblendinga þeirra) til undaneldis og/eða framleiðslu eftir innflutning.

- „BOV-Y“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamda nautgripi (þ.m.t. Bubalus- og Bison-tegundir og kynblendinga þeirra) til tafarlausrar slátrunar eftir innflutning.
- „BOV-X-TRANSIT-RU“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamda nautgripi (þ.m.t. Bubalus- og Bison-tegundir og kynblendinga þeirra) til umflutnings gegnum Litháen frá Kaliningrad-svæðinu til annarra svæða í Rússlandi.
- „OVI-X“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamið sauðfé (*Ovis aries*) og tamdar geitur (*Capra hircus*) til undaneldis og/eða framleiðslu eftir innflutning.
- „OVI-Y“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamið sauðfé (*Ovis aries*) og tamdar geitur (*Capra hircus*) til tafarlausrar slátrunar eftir innflutning.
- „POR-X“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamin svín (*Sus scrofa*) til undaneldis og/eða framleiðslu eftir innflutning.
- „POR-Y“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamin svín (*Sus scrofa*) til tafarlausrar slátrunar eftir innflutning.
- „RUM“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr af ættbálkinum Artiodactyla (að undanskildum nautgripum (þ.m.t. Bubalus- og Bison-tegundum og kynblendingum þeirra), *Ovis aries*, *Capra hircus*, Suidae og Tayassuidae) og af ættunum Rhinocerotidae og Elephantidae.
- „SUI“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr af ættunum Suidae, Tayassuidae og Tapiridae, sem ekki eru húsdýr.
- „CAM“: Fyrirmynd að sértæku vottorði fyrir dýr sem eru flutt inn frá Sankti Pierre og Miquelon samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 7. hluta I. viðauka.

Viðbótarábyrgðir (VÁ)

- „A“: ábyrgðir sem varða prófanir fyrir blátungu og EHD-sjúkdómi (e. Epizootic-haemorrhagic-disease) í dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir BOV-X (liður II.2.8. B), OVI-X (liður II.2.6. D) og RUM (liður II.2.6.).
- „B“: ábyrgðir sem varða prófanir fyrir svínafári og svínapest í dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir POR-X (liður II.2.4. B) og SUI (liður II.2.4. B).
ISO-kóði og heiti þriðja lands	Kóði yfirráðasvæðis	Lýsing á þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir		Sértæk skilyrði	Lokadagsetning ⁽²⁾	Upphafsdagsetning ⁽³⁾
			Fyrirmynd(ir)	VÁ			
1	2	3	4	5	6	7	8
„UY – Úrúgvæ“	UY-0	Landið allt	EQU				
			BOV	A og J	1		1. nóvember 2001 ⁽⁴⁾
			OVI	A	1		

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 321.⁽²⁾ Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

2. gr.

Leiðréttingarákvæði

Í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er II. hluti fyrirmyndar að vottorði „OVI-X“ leiðréttur sem hér segir:

a) Í stað eftirfarandi setningar í lið II.2.8:

„⁽¹⁾ annaðhvort [II.2.8.2. eru dýr sem eru ætluð til framleiðslu og eru fædd og alin samfelld á bújörðum þar sem aldrei hefur greinst riðuveikilvík.]“

komi eftirfarandi:

„⁽²⁾ annaðhvort [II.2.8.2. eru dýr sem eru ætluð til framleiðslu og eru fædd og alin samfelld á bújörðum þar sem aldrei hefur greinst riðuveikilvík.]“

b) Í stað inngangsorða í lið II.2.9:

„þau eru/voru ⁽¹⁾ send frá upprunabújörðinni eða -jörðunum án þess að fara um neinn markað,“

komi eftirfarandi:

„þau eru/voru ⁽²⁾ send frá upprunabújörðinni eða -jörðunum án þess að fara um neinn markað,“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel Barroso

Fylgiskjal 3.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 102/2013**

frá 4. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar færsluna fyrir Bandaríkin í skránni yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á hóf- og klaufdýrum á fæti til Sambandsins, fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði „POR-X“ og aðferðarlýsingar fyrir prófanir fyrir munnblöðrubólgu

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2004/68/EB frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE⁽¹⁾, einkum 3. gr. (fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr.), 6. gr. (fyrsta undirgrein 1. mgr.), 7. gr. (e-liður), 9. gr. og 13. gr. (e-liður 1. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2004/68/EB er mælt fyrir um kröfur um heilbrigði dýra við innflutning tiltekinna hóf- og klaufdýra á fæti til Sambandsins og umflutning gegnum það. Þar er kveðið á um að unnt sé að mæla fyrir um sérstök ákvæði, þ.m.t. um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir, vegna innflutnings til Sambandsins á hóf- eða klaufdýrum á fæti, af tegundum sem eru tilgreindar í I. viðauka við tilskipunina, frá þriðju löndum með tilskilið leyfi.
- 2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir⁽²⁾ er m.a. mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Sambandsins á tilteknum sendingum af klaufdýrum á fæti af tegundunum sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun 2004/68/EB. Í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á slíkum sendingum er leyfður. Þar er einnig kveðið á um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir sem eiga að fylgja þessum sendingum.
- 3) Sem stendur má aðeins flytja hóf- og klaufdýr til Sambandsins frá þriðju löndum eða, ef um svæðaskiptingu er að ræða, hlutum þriðju landa sem hafa verið laus við munnblöðrubólgu í a.m.k. sex mánuði fyrir sendingu þessara dýra.
- 4) Bandaríkin óskuðu eftir leyfi til að flytja inn til Sambandsins lifandi svín til undaneldis og framleiðslu.
- 5) Bandaríkin hafa tilkynnt um uppkomu munnblöðrubólgu. Þetta eru þó einstakar uppkomur og takmarkaðar við tiltekin svæði. Hættan á að munnblöðrubólga berist til Sambandsins með innflutningi á lifandi svínum frá því þriðja landi er óveruleg ef beitt er ráðstöfunum til smitvarna, sem er lýst í kafla 8.15.6 í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr (OIE), þ.m.t. innilokun svínanna á athafnasvæði, sem er laust við sjúkdóminn, á tímabilinu sem þau eru höfð í landinu fram að útflutningi, vernd gegn smitferjum meðan þau eru í sóttkví fram að útflutningi og í flutningi á fermingarstað, ásamt prófun allra dýra sem á að flytja út.
- 6) Því ber að breyta 1. hluta í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 þannig að Bandaríkjunum verði bætt á skrána yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á hóf- og klaufdýrum á fæti til Sambandsins, og viðeigandi ábyrgðir tilgreindar að því er varðar prófanir fyrir munnblöðrubólgu. Framkvæmd þessara ábyrgða skal staðfest í heilbrigðisvottorðinu fyrir lifandi svín til undaneldis og framleiðslu sem fylgir dýrunum við komuna til Sambandsins
- 7) Því ber að breyta fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði vegna innflutnings á lifandi tömdum svínum, „POR-X“, sem sett er fram í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, til samræmis við það til að setja skilyrði fyrir veru þeirra í landinu og í sóttkví fram að útflutningi, sem og kröfur um prófun á rannsóknarstofu.

⁽¹⁾ Stjóð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 321.

⁽²⁾ Stjóð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

- 8) Auk þess er í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 206/2010 kveðið á um að þegar krafist er sýnatöku og prófunar í heilbrigðisvottorðunum fyrir dýr og dýraafurðir, sem sett eru fram eru í I. viðauka við þá reglugerð, skuli slík sýnataka og prófun fara fram í samræmi við aðferðarlýsingarnar vegna stöðlunar efna og prófunaraðferða sem settar eru fram í 6. hluta þess viðauka. Því er nauðsynlegt að breyta 6. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 til að bæta við viðeigandi aðferðarlýsingu og prófunaraðferð fyrir munnblöðrubólgu. Prófun skal fara fram og hún túlkuð í samræmi við aðferðarlýsingarnar á sermprófunum fyrir munnblöðrubólgu, sem mælt er fyrir um fyrir alþjóðaviðskipti í kafla 2.1.19 í handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr.
- 9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 206/2010 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Í 1. hluta bætist eftirfarandi færsla við fyrir Bandaríkin:

„US – Bandaríkin	US-0	Landið allt	POR-X	D ⁴	
------------------	------	-------------	-------	----------------	--

- 2) Ákvæðum 2. hluta er breytt sem hér segir:

- a) Í stað textans sem varðar „POR-X“ komi eftirfarandi:

„„POR-X“: Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir tamin svín (*Sus scrofa*) sem eru ætluð til undaneldis og/eða framleiðslu eftir innflutning eða til umflutnings um Sambandið frá einu þriðja landi til annars þriðja lands.“

- b) Í skrá yfir viðbótarábyrgðir (VÁ) bætist eftirfarandi texti við:

„„D“: ábyrgðir sem varða prófun fyrir munnblöðrubólgu á dýrum sem eru vottuð í samræmi við fyrirmynd að heilbrigðisvottorði fyrir dýr og dýraafurðir POR-X (b-liður liðar II.2.1).“

c) Í stað fyrirmyndarinnar að heilbrigðisvottorði „POR-X“ komi eftirfarandi:

„Fyrirmynd POR-X

LAND		Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn til ESB						
I. hluti: Upplýsingar um sendingu	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a.		
				I.3. Lögbært stjórnvald				
				I.4. Lögbært staðaryfirvald				
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6.				
	I.7. Upprunaland		ISO-kóði	I.8. Upprunasvæði		Kóði	I.9. Viðtökuland	
							I.10. Viðtökusvæði	
							Kóði	
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang			Samþykkisnúmer		I.12.		
	I.13. Fermingarstaður Heimilisfang			Samþykkisnúmer		I.14. Brottfarardagur		
	I.15. Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/> Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/> Auðkenning Tilvísun í skjöl			I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB				
			I.17.					
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer)		01.03			
			I.20. Magn					
I.21.			I.22. Fjöldi pakkninga					
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer			I.24.					
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til undaneldis <input type="checkbox"/>								

I.26.	I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>			
I.28. Auðkenning varanna				
Tegund (vísindaheiti)	Auðkenningarkerfi	Auðkennisnúmer	Aldur	Kyn

LAND

Fyrirmynd POR-X

II. hluti: Vottorð	II.	Heilsufarsupplýsingar	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	II.1.	<p>Lýðheilsuvottun</p> <p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að dýrin sem lýst er í þessu vottorði:</p> <p>II.1.1. koma frá bújörðum sem hafa ekki sætt opinberu banni af heilbrigðisástæðum undanfarna 42 daga vegna öldusóttar, undanfarna daga 30 vegna miltisbrands og undanfarna sex mánuði vegna hundæðis og hafa ekki komist í snertingu við dýr frá bújörðum sem ekki uppfylltu þessi skilyrði,</p> <p>II.1.2. hafa ekki fengið:</p> <ul style="list-style-type: none"> — stílben eða efni með skjaldheftandi virkni, — efni með estrógenvirkni, andrógenvirkni, gestagenvirkni eða betaörvandi virkni í öðrum tilgangi en til lækninga- eða dýraræktunarmeðferðar (eins og er skilgreint í tilskipun 96/22/EB). 		
II.2.	<p>Dýraheilbrigðisvottun</p> <p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að dýrin sem lýst er hér að framan uppfylla eftirfarandi kröfur:</p> <p>II.2.1. þau koma frá yfirráðasvæði með kóðann:⁽¹⁾ sem, á útgáfudegi þessa vottorðs:</p> <p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [a] hefur verið laust við gin- og klaufaveiki í 24 mánuði, nautapest, afrikusvínapest, svínapest, svínafár og blöðruþot í svinum í 12 mánuði og]</p> <p>⁽²⁾ <i>eða</i> [a] i. hefur verið laust við [gin- og klaufaveiki í 24 mánuði] ⁽²⁾, nautapest, afrikusvínapest, blöðruþot í svinum, [svínapest] ⁽²⁾ og [svínafár] ⁽²⁾ í 12 mánuði og</p> <p>ii. hefur verið talið laust við [gin- og klaufaveiki] ⁽²⁾ [svínapest] ⁽²⁾ og [svínafár] ⁽²⁾ frá (dd/mm/áááá) án nokkurra tilvika/uppkoma eftir þá dagsetningu, og leyfilegt er að flytja þessi dýr út þaðan samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. .../..... frá(dd/mm/áááá) og]</p> <p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [b] við munnblöðrubólgu í sex mánuði og]</p> <p>⁽²⁾ <i>eða</i> [b] áður en dýrin voru sett í sóttkví fyrir útflutning hefur þeim verið haldið í 21 dag, eða frá fæðingu ef þau eru yngri en 21 dags gömul, á bújörð þar sem ekkert tilvik munnblöðrubólgu hefur verið tilkynnt opinberlega á þeim tíma og hafa verið í sóttvarnarstöð í a.m.k. 30 daga sóttkvíunartíma fyrir útflutning, varin gegn smitberandi skordýrum, þar sem niðurstaða veiruhlutleysingarprófunar fyrir munnblöðrubólgu, sem fór fram eins og um getur í 6. hluta 1. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, á sýnum sem voru tekin a.m.k. 21 degi áður en sóttkvíun hófst, var neikvæð með sermislausn með 1:32 þynningu og]</p> <p>c) þar hefur ekki farið fram bólusetning gegn þessum sjúkdómum undanfarna 12 mánuði og innflutningur á tömdum klaufdýrum sem eru bólusett gegn þessum sjúkdómum er ekki leyfður,</p> <p>II.2.2. þau hafa verið á yfirráðasvæðinu, sem lýst er í lið II.2.1, frá fæðingu eða a.m.k. undanfarna sex mánuði fram að sendingu til Sambandsins, án þess að komast í snertingu við innflutt klaufdýr síðustu 30 daga,</p> <p>II.2.3. þau hafa verið á bújörðinni eða -jörðunum, sem lýst er í reit I.11, frá fæðingu eða í a.m.k. 40 daga fram að sendingu og á þeim tíma hefur ekki, á bújörðinni eða -jörðunum og í 10 km rás umhverfis upprunabújörðina eða -jarðirnar, greinst tilvik/uppkoma sjúkdómanna sem um getur í lið II.2.1,</p> <p>II.2.4. A þetta eru hvorki dýr sem á að aflífa samkvæmt landsbundinni áætlun um útrýmingu sjúkdóma né heldur hafa þau verið bólusett gegn sjúkdómnum sem um getur í lið II.2.1,</p> <p>⁽²⁾ ⁽³⁾ [II.2.4. B þau hafa, á síðustu 30 dögum, verið prófuð fyrir mótefnum gegn svínafári og svínapest með neikvæðum niðurstöðum í báðum tilvikum,]</p> <p>⁽²⁾ ⁽⁴⁾ [II.2.4. C þau hafa, á síðustu 30 dögum, verið prófuð með jafnaðri öldusóttarvakaprófun fyrir svínaöldusótt með neikvæðum niðurstöðum,]</p> <p>II.2.5. þau koma úr hjörðum sem ekki sæta takmörkunum samkvæmt landsbundinni áætlun um útrýmingu öldusóttar,</p> <p>II.2.6. þau eru/voru ⁽²⁾ send frá upprunabújörðinni eða -jörðunum án þess að fara um neinn markað,</p> <p>⁽²⁾ <i>annaðhvort</i> [beint til Sambandsins,]</p> <p>⁽²⁾ <i>eða</i> [til opinberlega viðurkenndrar söfnunarstöðvar sem er lýst í reit I.13 og er staðsett innan yfirráðasvæðisins sem er lýst í lið II.2.1.,]</p>			

LAND

Fyrirmynd POR-X

II. Heilsufarsupplýsingar	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
og, fram að sendingu til Sambandsins:		
a) komust þau ekki í snertingu við önnur klaufdýr sem ekki uppfylla heilbrigðiskröfumar sem lýst er í þessu vottorði og		
b) voru þau ekki á stað, eða í innan við 10 km radius frá stað, þar sem hefur greinst tilvik/uppkoma einhvers af þeim sjúkdómum, sem um getur í lið II.2.1, á undanföllum 40 dögum og		
c) ef landið hefur ekki verið laust við munnblöðrubólgu í sex mánuði voru þau varin gegn smitberandi skordýrum í flutningi á fermingarstað,		
II.2.7. ökutæki til vöruflytninga eða gámar sem þau voru sett um borð í voru þrífín og sótthreinsuð fyrir fermingu með opinberlega leyfðu sótthreinsiefni,		
II.2.8. opinber dýralæknir skoðaði þau innan 24 klukkustunda fyrir fermingu og þau sýndu engin klínísk merki um sjúkdóma,		
II.2.9. þau voru sett um borð til sendingar til Sambandsins hinn (dd/mm/áááá) (°), í flutningatæki, sem lýst er í reit I.15, sem var þrífín og sótthreinsað fyrir fermingu með opinberlega leyfðu sótthreinsiefni og er þannig hannað að saur, þvag, undirburður eða fôður getur ekki runnið eða dottið út úr farartækinu á meðan á flutningi stendur.		
II.3. Vottorð vegna flutninga á dýrum		
Ég, undirritaður, opinber dýralæknir votta hér með að dýrin sem lýst er hér að framan hafa verið meðhöndluð, fyrir og við fermingu, í samræmi við viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1/2005, einkum að því er varðar brynningu og fôðurgjöf, og að þau eru hæf til fyrirhugaðs flutnings.		
(°) (°) [II.4. Sértækar kröfur		
II.4.1. Aujeszzkys-veiki er tilkynningarskyld í landinu sem um getur í reit I.7,		
II.4.2. samkvæmt opinberum upplýsingum hafa engar klínískar, meinafræðilegar eða sermifræðilegar vísbendingar um Aujeszzkys-veiki verið skráðar síðustu 12 mánuði á upprunabújörðinni eða -jörðunum, sem um getur í reit I.11, og á þeim bújörðum sem staðsettar eru í innan við 5 km fjarlægð frá henni eða þeim,		
II.4.3. dýrin sem um getur í reit I.28:		
a) hafa, fram að sendingu til útflutnings, verið frá burði á upprunabújörðinni eða -jörðunum, sem um getur í reit I.11, eða þau hafa verið samfleytt á þessari bújörð eða -jörðum undanfarna 3 mánuði og á öðrum slíkum með jafngilda stöðu frá fæðingu,		
b) hafa verið í einangrun í aðstöðu sem er viðurkennd af lögbæru yfirvaldi, síðustu 30 dagana fram að sendingu til útflutnings, án þess að komast í beina eða óbeina snertingu við önnur dýr af svínaætt (Suidae),		
c) hafa verið prófuð, með neikvæðum niðurstöðum, með ELISA-prófun fyrir Ig (°) á sermi sem er tekið a.m.k. 21 degi eftir upphaf einangrunar og neikvæðar niðurstöður hafa einnig komið fram úr þessari prófun hjá öllum dýrum sem eru í einangrun og		
d) hafa ekki verið bólusett gegn Aujeszzkys-veiki og hafa ekki verið í snertingu við bólusett dýr og upprunahjörðin hefur ekki verið bólusett á undanföllum 12 mánuðum.]		
(°) (°) [II.4.4(frekari kröfur og/eða prófanir]		
Athuga sendir		
Þetta vottorð er ætlað fyrir lifandi, tamin svín (<i>Sus scrofa</i>), ætluð til undaneldis eða framleiðslu.		
Að innflutningi loknum skal flytja dýrin án tafar á bújörðina sem er ákvörðunarstaður þeirra og þar skulu þau vera í a.m.k. 30 daga áður en farið er með þau út fyrir bújörðina, nema ef þau eru send beint til sláturhúss eða ef um er að ræða dýr sem eru í umflutningi um Sambandið frá einu þriðja landi til annars þriðja lands.		
I. hluti:		
— Reitur I.8: Færið inn kóða yfirráðasvæðisins eins og hann birtist í 1. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.		
— Reitur I.13: Ef söfnunarstöð er til staðar skal hún uppfylla skilyrðin fyrir samþykki sem mælt er fyrir um í 5. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.		

LAND

Fyrirmynd POR-X

II. Heilsufarsupplýsingar	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
<p>— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (jámbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfermingar kemur skal sendandi upplýsa skoðunarstöð á landamærum um það við komu inn í Sambandið.</p> <p>— Reitur I.23: Tilgreina skal gámanúmer og innsigli snúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma eða kassa.</p> <p>— Reitur I.28: Auðkenningarkerfi: dýrin skulu merkt með:</p> <p>— Einstaklingsbundna númeri sem gerir kleift að rekja upprunastað þeirra. Tilgreinið auðkenningarkerfi (s.s. merki, húðflúr, brennimerki, örflögu, merkissvara).</p> <p>— Eyrnamerki sem m.a. ber ISO-kóða útflutningslandsins. Einstaklingsbundna númerið skal gera það kleift að rekja upprunastað þeirra.</p> <p>— Reitur I.28: Aldur: mánuðir.</p> <p>— Reitur I.28: Kyn (Kk=karldýr, Kvk=kvendýr, G=geld karldýr).</p> <p>II. hluti:</p> <p>(¹) Kóði yferráðasvæðisins eins og hann birtist í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.</p> <p>(²) Strikið út það sem á ekki við.</p> <p>(³) Viðbótarábyrgðir sem skal veita þegar þess er krafist í 5. dálki „VÁ“ í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 með tilgreininguna „B“.</p> <p>(⁴) Viðbótarábyrgðir sem skal veita þegar þess er krafist í 5. dálki „VÁ“ í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 með tilgreininguna „C“.</p> <p>(⁵) Dagsetning fermingar. Innflutningur á þessum dýrum skal ekki leyfður ef ferming dýranna fór fram annaðhvort fyrir þann dag sem heimild til útflutnings til Sambandsins frá þriðja landi, yferráðasvæði þess eða hluta þess, sem um getur í reitum I.7 og I.8, var gefin út eða á tímabili þegar í gildi eru ráðstafanir sem Sambandið hefur samþykkt til að takmarka innflutning þessara dýra frá viðkomandi þriðja landi, yferráðasvæði eða hluta þess.</p> <p>(⁶) Þegar viðtökuaðildarríki í ESB, eða Sviss, krefst þess í samræmi við ákvörðun 2008/185/EB og í samræmi við samninginn milli Bandalagsins og Ríkjasambandsins Sviss um viðskipti með landbúnaðarafurðir (Stjtið. EB L 114, 30.4.2002, bls. 132), nema að því er varðar þau lönd sem eru með tilgreininguna „IX“ í 6. dálki „Sértæk skilyrði“ í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010.</p> <p>(⁷) Skal framkvæmt samkvæmt stöðlunum sem mælt er fyrir um í III. viðauka við ákvörðun 2008/185/EB. Ef um er að ræða svin eldri en 4 mánaða skal nota ELISA-prófun fyrir heilar veirur.</p> <p>(⁸) Frekari kröfur sem Finnland setur fram að því er varðar smitandi maga- og garnabólgu.</p> <p>(⁹) Viðbótarábyrgðir sem skal veita þegar þess er krafist í 5. dálki „VÁ“ í I. hluta I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 með tilgreininguna „D“.</p>		
<p>Opinber dýralæknir</p> <p>Nafn (með hástöfum):</p> <p>Dagsetning:</p> <p>Stímpill:</p> <p>Menntun, hæfi og titill:</p> <p>Undirskrift:“</p>		

3) Í 6. hluta bætist við eftirfarandi texti:

„Munnblöðrubólga

Veiruhlutleysingarprófun skal fara fram í samræmi við aðferðarlýsingar á prófun fyrir munnblöðrubólgu sem settar eru fram í kafla 2.1.19 í handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (OIE) um greiningarprófanir og bóluefni fyrir landdýr.

Sermi sem koma í veg fyrir frumuskemmandi áhrif (CPE) með a.m.k. 1:32 þynningu skulu teljast innihalda mótefni við munnblöðrubólgu.“

Fylgiskjal 4.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 191/2013**

frá 5. mars 2013

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 798/2008, (EB) nr. 119/2009 og (ESB) nr. 206/2010 og ákvörðun 2000/572/EB að því er varðar vottorð vegna velferðar dýra í fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis ⁽¹⁾, einkum b-lið 4. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 798/2008 ⁽²⁾ er mælt fyrir um skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf, þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á alifuglum og alifuglaafurðum, og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 ⁽³⁾ er mælt fyrir um skrá yfir þriðju lönd eða hluta þeirra fyrir innflutning til Sambandsins eða umflutning um Sambandið á kjöti af villtum dýrum af héraætt, tilteknum villtum landspendýrum og alíkaninum og um kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir dýr og dýraafurðir.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings á tilteknum sendingum af lifandi dýrum eða nýju kjöti til Sambandsins. Þar er einnig mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, sem fullnægja tilteknum viðmiðunum og þaðan sem heimilt er af þeim sökum að flytja sendingar inn til Sambandsins, og kröfur um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings til Sambandsins á tilteknum vörusendingum af nýju kjöti af hól- og klaufdýrum, eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 2004/68/EB frá 26. apríl 2004 um reglur um heilbrigði dýra vegna innflutnings og umflutnings tiltekinnna hól- og klaufdýra á fæti í Bandalaginu, breytingu á tilskipunum 90/426/EBE og 92/65/EBE og niðurfellingu á tilskipun 72/462/EBE ⁽⁵⁾.

4) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/572/EB ⁽⁶⁾ er mælt fyrir um skilyrði varðandi heilbrigði dýra og lýðheilsu og útgáfu heilbrigðisvottorða vegna innflutnings á unnum kjötvörum frá þriðju löndum.

5) Í reglugerð ráðsins (EB) 1099/2009 ⁽⁷⁾, sem gildir frá 1. janúar 2013, er mælt fyrir um vernd dýra við aflifun.

6) Í 12. gr. reglugerðarinnar er mælt fyrir um að með heilbrigðisvottorðinu, sem fylgir kjöti sem flutt er inn frá þriðju löndum, skuli einnig fylgja vottorð um að farið hafi verið að kröfum sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla þeirrar reglugerðar.

7) Til glöggvunar skal uppfæra yfirlýsingarnar um velferð dýra í fyrirmyndunum að heilbrigðisvottorðum „POU“ og „RAT“ fyrir dýr og dýraafurðir, sem mælt er fyrir um í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði „RM“ fyrir dýr og dýraafurðir, sem mælt er fyrir um í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009, í fyrirmyndunum að heilbrigðisvottorðum „BOV“, „OVI“, „POR“, „EQU“ og „SUF“ fyrir dýr og dýraafurðir, sem mælt er fyrir um í 2. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, og fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði „MP-PREP“ fyrir dýr og dýraafurðir sem mælt er fyrir um í II. viðauka við ákvörðun 2000/572/EB.

8) Einnig skal bæta þessum yfirlýsingum við fyrirmynd að heilbrigðisvottorði „RUF“ fyrir dýr og dýraafurðir, sem mælt er fyrir um í 2. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010, þannig að fyrir liggji nauðsynlegt vottorð einungis í því tilvikum að veiðidýrum, sem eru alin, verði slátrað eða þau aflífuð í sláturhúsum.

9) Rétt þykir að innleiða umbreytingartímabil þannig að þriðju lönd geti aðlagast breyttum fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 798/2009

Í stað liðar II.3 í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorðum „POU“ og „RAT“ fyrir dýr og dýraafurðir í 2. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008 komi eftirfarandi:

„II.3. Vottorð vegna velferðar dýra

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.⁽²⁾ Stjtið. ESB L 226, 23.8.2008, bls. 1.⁽³⁾ Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12.⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 321.⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 240, 23.9.2000, bls. 19.⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að nýtt kjöt, sem lýst er í I. hluta þessa vottorðs, kemur af dýrum sem hafa verið meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflifun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfyllir kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 (*).

(*) Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.“

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 119/2009

Í stað V. liðar í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorð „RM“ fyrir dýr og dýraafurðir í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 119/2009 komi eftirfarandi:

„V. VOTTORÐ VEGNA VELFERÐAR DÝRA

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að nýtt kjöt, sem lýst er í I. hluta þessa vottorðs, kemur af dýrum sem hafa verið meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflifun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfyllir kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 (*).

(*) Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.“

3. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 206/2010

Reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar II.3 í fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum „BOV“, „OVI“, „POR“, „EQU“ og „SUF“ fyrir dýr og dýraafurðir í 2. hluta II. viðauka komi eftirfarandi:

„II.3. Vottorð vegna velferðar dýra

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að nýtt kjöt, sem lýst er í I. hluta þessa vottorðs, kemur af dýrum sem hafa verið meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflifun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfyllir kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 (*).

(*) Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.“

2) Eftirfarandi liður II.3 bætist við á eftir lið II.2.7 í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði „RUF“ fyrir dýr og dýraafurðir í 2. hluta II. viðauka:

„⁽¹⁾II.3. Vottorð vegna velferðar dýra

Þegar um er að ræða nýtt kjöt, sem lýst er í I. hluta þessa vottorðs, sem kemur af dýrum sem var slátrað eða voru aflífuð í sláturhúsi: ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með dýrin voru meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflifun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfylla kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 (*).

(*) Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.“

4. gr.

Breyting á ákvörðun 2000/572/EB

Í stað liðar II.3 í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði „MP-PREP“ fyrir dýr og dýraafurðir í II. viðauka við ákvörðun 2000/572/EB komi eftirfarandi:

„II.3. Vottorð vegna velferðar dýra

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að unna kjötvaran ⁽¹⁾, sem lýst er í I. hluta þessa vottorðs, er úr kjöti af dýrum sem hafa verið meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflifun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfylla kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 (*).

(*) Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.“

5. gr.

Umbreytingarákvæði

Á umbreytingartímabili, sem stendur til 31. janúar 2014, er heimilt að halda áfram að flytja sendingar af afurðum úr dýraríkinu inn til Sambandsins, sem hafa meðfylgjandi viðeigandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem gefin eru út eigi síðar en 30. nóvember 2013 í samræmi við fyrirmyndirnar að heilbrigðisvottorðum fyrir dýr og dýraafurðir, áður en þessi reglugerð öðlast gildi.

6. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. mars 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,
forseti.*

José Manuel Barroso

Fylgiskjal 5.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 196/2013**

frá 7. mars 2013

um breytingu á II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 að því er varðar nýju færsluna fyrir Japan í skránni yfir þriðju lönd eða hluta þeirra þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknu nýju kjöti til Evrópusambandsins

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til manndis (¹), einkum 8. gr. (inngangsorð), 8. gr. (fyrsta undirgrein 1. liðar) og 8. gr. (4. liður), og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 frá 12. mars 2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir (²) er mælt fyrir um heilbrigðisskilyrði vegna innflutnings á dýrum á fæti og nýju kjöti af þeim. Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 206/2010 má aðeins flytja inn nýtt kjöt sem ætlað er til manndis ef það kemur frá yfirráðasvæði þriðja lands, eða hluta þess, sem tilgreint er í 1. hluta II. viðauka við þá reglugerð og uppfyllir allar viðeigandi kröfur.
- 2) Japan óskaði eftir að verða fært á skrá vegna innflutnings á nýju nautakjöti til Sambandsins og úttekt framkvæmdastjórnarinnar á nautakjöti í Japan árið 2008 staðfesti að kröfunum var fullnægt. Skráningunni var þó frestað þegar gin- og klaufaveiki kom upp í Japan árið 2010.
- 3) Frá þeim tíma hefur Japan útrýmt gin- og klaufaveiki á yfirráðasvæði sínu og var viðurkennt af Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni sem „laust við þennan sjúkdóm án bólusetningar“.
- 4) Japan leggur þar með fram fullnægjandi ábyrgðir varðandi dýraheilbrigði og hefur óskað eftir því að verða aftur fært á skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyft er að flytja inn nýtt nautakjöt til Sambandsins.
- 5) Þar með ber að leyfa Japan að flytja nýtt nautakjöt til Sambandsins.
- 6) Því ber að breyta 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 til samræmis við það.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 bætist eftirfarandi færsla fyrir Japan við á eftir færslunni fyrir Ísland:

ISO-kóði og heiti þriðja lands	Kóði yfirráðasvæðis	Lýsing á þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess	Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir		Sértæk skilyrði	Lokadagsetning (*)	Upphafsdagsetning (**)
			Fyrirmynd(ir)	VÁ			
1	2	3	4	5	6	7	8
„JP — Japan	JP	Landið allt	BOV				28. mars 2013“

(*) Stjóð. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

(**) Stjóð. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

-
- (¹) Flytja má kjöt af dýrum, sem er slátrað á eða fyrir daginn sem tilgreindur er í 7. dálki, inn til Sambandsins í 90 daga frá þeim degi. Flytja má sendingar sem koma sjóleiðis yfir úthöfin inn til Sambandsins ef þær eru vottaðar fyrir dagsetninguna, sem tilgreind er í 7. dálki, í 40 daga frá þeirri dagsetningu. (Ath.: Ef engin dagsetning er tilgreind í 7. dálki gilda engin tímatakörk).
- (²) Aðeins má flytja kjöt af dýrum, sem er slátrað á eða eftir daginn sem tilgreindur er í 8. dálki, inn til Sambandsins. (Ef engin dagsetning er tilgreind í 8. dálki gilda engin tímatakörk).
-

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Fylgiskjal 6.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 482/2013**

frá 24. maí 2013

um breytingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra, þaðan sem leyfður er aðflutningur á tilteknum dýrum og nýju kjöti til Evrópusambandsins, og um kröfur varðandi heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópu-sambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/99/EB frá 16. desember 2002 um heilbrigðisreglur um framleiðslu, vinnslu, dreifingu og aðflutning á afurðum úr dýraríkinu til mannelis⁽¹⁾, einkum inngangsorð 8. gr., fyrstu undirgrein 1. mgr. og 4. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2010⁽²⁾ er mælt fyrir um kröfur um heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir vegna aðflutnings á tilteknum vörusendingum með lifandi dýrum eða nýju kjöti til Sambandsins. Þar er einnig mælt fyrir um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem flytja má þessar vörusendingar inn til Sambandsins.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 206/2010 er kveðið á um að vörusendingar af nýju kjöti sem ætlað er til mannelis skuli einungis fluttar inn í Sambandið ef þær koma frá þriðju löndum, yfirráðasvæðum þeirra eða hlutum þeirra sem tilgreind eru í 1. hluta II. viðauka við þá reglugerð þar sem er að finna fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem nota skal fyrir viðkomandi vörusendingu.

3) Fjórir hlutar yfirráðasvæðis Botsvana eru skráðir í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 sem svæði þaðan sem heimilt er að flytja tiltekið nýtt kjöt inn í Sambandið. Þessi svæði samanstanda af nokkrum varnarsvæðum vegna dýrasjúkdóma.

4) Í mars 2013 gerði framkvæmdastjórnin úttekt í Botsvana til að meta dýraheilbrigðiseftirlitskerfið sem þar var í notkun, einkum að því er varðar varnir gegn gin- og klaufaveiki. Úttektin leiddi í ljós að áhættan á að gin- og klaufaveikiveiran berist inn á varnarsvæði vegna dýrasjúkdóma 6 og 4a á yfirráðasvæði þessa þriðja lands getur ekki talist óveruleg.

5) Við eftirlit á eftirlitssvæðinu innan varnarsvæðis vegna dýrasjúkdóma 6 þar sem ströngu eftirliti er beitt var sanngreind tilvist gin- og klaufaveikiveira í geitum og villtum veiðidýrum. Ekki er leyfður útflutningur á nýju kjöti til Sambandsins frá þessu eftirlitssvæði með ströngu eftirliti. Hins vegar skapast áhætta vegna nálægðar þess svæðis við þann hluta varnarsvæðis vegna dýrasjúkdóma 6 þaðan sem slíkur útflutningur er leyfður.

6) Varnarsvæði vegna dýrasjúkdóma 4a liggur að öðrum svæðum í Botsvana þaðan sem innflutningur á nýju kjöti til Sambandsins er ekki leyfður. Úttekt framkvæmdastjórnarinnar leiddi í ljós annmarka á dýraheilbrigðiseftirliti á varnarsvæði vegna dýrasjúkdóma 4a. Þar að auki fundust fleiri annmarkar að því er varðar afmörkun þess svæðis frá svæðunum þaðan sem innflutningur á nýju kjöti til Sambandsins er ekki leyfður. Þessir annmarkar skapa áhættu að því er varðar gin- og klaufaveiki sem ekki getur talist óveruleg.

7) Úttekt framkvæmdastjórnarinnar leiddi einnig í ljós að kerfið til að sannprófa skilvirkni opinbers eftirlits er vel skipulagt í öðrum hlutum yfirráðasvæðis Botsvana og ástandið hefur batnað í samanburði við það sem kom fram í fyrri úttekt árið 2011.

8) Í ljósi áhættunnar á að gin- og klaufaveiki berist með innflutningi á nýju kjöti af tegundum sem eru smitnæmar fyrir þeim sjúkdómi frá varnarsvæðum vegna dýrasjúkdóma 6 og 4a í Botsvana inn í Sambandið skal hins vegar fella tímabundið niður leyfi til útflutnings á slíku nýju kjöti til Sambandsins frá þessum varnarsvæðum.

9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 206/2010 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 18, 23.1.2003, bls. 11.

⁽²⁾ Stjótið. ESB L 73, 20.3.2010, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað færslunnar fyrir Botsvana í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 komi eftirfarandi:

„BW–Botsvana	BW-0	Landið allt	EQU, EQW				
	BW-1	Varnarsvæði vegna dýra-sjúkdóma 3c, 4b, 5, 8, 9 og 18	BOV, OVI, RUF, RUW	F	1	11. maí 2011	26. júní 2012
	BW-2	Varnarsvæði vegna dýra-sjúkdóma 10, 11, 13 og 14	BOV, OVI, RUF, RUW	F	1		7. mars 2002
	BW-3	Varnarsvæði vegna dýra-sjúkdóma 12	BOV, OVI, RUF, RUW	F	1	20. október 2008	20. janúar 2009
	BW-4	Varnarsvæði vegna dýra-sjúkdóma 4a, að undanskildu 10 km breiðu sóttvarnabelti með ströngu eftirliti meðfram svæðamörkunum við svæðið, þar sem bólusett hefur verið við gin- og klaufaveiki, og náttúru-verndarsvæðin	BOV	F	1	28. maí 2013	18. febrúar 2011
	BW-5	Varnarsvæði vegna dýra-sjúkdóma 6, að undanskildu svæði með ströngu eftirliti á varnarsvæði 6 á milli landamæra að Simbabve og Þjóðveg A1	BOV, OVI, RUF, RUW	F	1	28. maí 2013	26. júní 2012“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. maí 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel Barroso

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2014